

Sveitarfélagið Garður

Ársreikningur
2009

Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4
250 Garður

Kt. 570169-4329

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Garðs er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 754,3 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrarartekjur A hluta 726,2 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% en lögbundið hámark er 13,28%.

Álagningahlutfall fasteignaskatts A-flokki nam 0,3% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,5% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 10,1 millj. kr. og í A hluta 39,9 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2009 nam 2.700,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 2.815,5 millj. kr.

Í mars og apríl 2010 gaf Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga út tvö álit. Álit 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga* og álit 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Reglur þessar taka gildi og skal þeim beitt við reikningsskil sveitarfélaga fyrir árið 2010. Viðeigandi færslur skulu gerðar í ársbyrjun 2010. Sveitarfélögum er heimilt að beita reglunum við reikningsskil fyrir árið 2009 og gera viðeigandi færslur í efnahagsreikningi miðað við árslok 2009. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í skýringum með ársreikningi.

Við gerð ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2009 hafa stjórnendur þess ákveðið að nýta sér framangreint heimildarákvæði og beita því framangreindum reglum við gerð ársreikningsins. Innleiðing þessara reglna hefur ekki áhrif á rekstrarreikning 2009 en leiðir til hækkunar á bókfærðu eigin fé A hluta um 19,8 millj. kr. og sömu áhrif eru á eigið fé A og B hluta.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Garðs fyrir árið 2009 er tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Garði, 12. maí 2010.

Bæjarstjóri:
Ásmundur Friðriksson

Ársreikningur Sveitarfélagsins Garðs fyrir árið 2009 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Garði, 26. maí 2010.

Bæjarstjórn:
Ingimundur Þ. Guðnason
Ágústa Ásgeirsdóttir
Einar Jón Pálsson
Oddný G. Harðardóttir
Brynja Kristjánsdóttir
Særún Rósa Ástþórsdóttir
Laufey Erlendsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Garðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Garðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. maí 2010.

KPMG hf.

Auðunn Guðjónsson
Lilja Dögg Karlsdóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Sveitarfélagsins Garðs, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Garði, 12. maí 2010.

Páll Þorsteinsson
Jóna H. Hallsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur:					
Útsvar og fasteignaskattur		462.041.013	388.889.000	460.202.621	387.381.000
Framlög Jöfnunarsjóðs		215.480.358	197.728.000	215.480.358	197.728.000
Aðrar tekjur		48.725.906	43.009.000	78.582.349	70.393.000
	5	<u>726.247.277</u>	<u>629.626.000</u>	<u>754.265.328</u>	<u>655.502.000</u>
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	6	361.469.089	354.334.500	361.469.089	354.334.500
Annar rekstrarkostnaður	7	471.081.440	391.344.000	463.484.277	378.021.000
Afskriftir	10	38.235.552	37.230.000	53.038.833	49.822.000
		<u>870.786.081</u>	<u>782.908.500</u>	<u>877.992.199</u>	<u>782.177.500</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		(144.538.804)	(153.282.500)	(123.726.871)	(126.675.500)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	8	184.409.441	209.908.000	133.821.044	161.025.000
Rekstrarniðurstaða	15	<u>39.870.637</u>	<u>56.625.500</u>	<u>10.094.173</u>	<u>34.349.500</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2009	2008	2009	2008
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, lóðir og lendum	1.290.601.157	719.298.696	1.438.706.511	861.418.959
	Götur, veitur og höfn	308.946.514	296.015.955	514.706.919	474.356.974
	Áhöld og tæki	20.974.405	233.040	20.974.405	233.040
	Leigðar eignir	90.469.096	0	90.469.096	0
	10	<u>1.710.991.172</u>	<u>1.015.547.691</u>	<u>2.064.856.931</u>	<u>1.336.008.973</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Eignarhlutir í félögum	11 123.140.180	202.409.914	123.140.180	202.409.914
	Langtímakröfur	12 121.543	3.852.332	121.543	3.852.332
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	13 0	164.764.502	0	0
		<u>123.261.723</u>	<u>371.026.748</u>	<u>123.261.723</u>	<u>206.262.246</u>
	Fastafjármunir	<u>1.834.252.895</u>	<u>1.386.574.439</u>	<u>2.188.118.654</u>	<u>1.542.271.219</u>
Veltufjármunir:					
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar skatttekjur	14 54.242.050	47.255.051	54.242.050	47.255.051
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	39.607.077	130.418.746	0	0
	Aðrar skammtímakröfur	14 41.571.709	38.768.438	41.571.708	38.768.439
	Næsta árs afborganir				
	langtímakrafna á eigin fyrirtæki ..	0	2.745.752	0	0
	Næsta árs afborganir				
	langtímakrafna	12 3.793.134	3.665.588	3.793.134	3.665.588
		<u>139.213.970</u>	<u>222.853.575</u>	<u>99.606.892</u>	<u>89.689.078</u>
Handbært fé:					
	Innstæður Framtíðarsjóðs	20 1.796.348.790	2.374.225.903	1.796.348.790	2.374.225.903
	Annað handbært fé	28.693.650	34.177.538	28.693.650	34.177.538
	4j	<u>1.825.042.440</u>	<u>2.408.403.441</u>	<u>1.825.042.440</u>	<u>2.408.403.441</u>
	Veltufjármunir	<u>1.964.256.410</u>	<u>2.631.257.016</u>	<u>1.924.649.332</u>	<u>2.498.092.519</u>
	Eignir samtals	<u><u>3.798.509.305</u></u>	<u><u>4.017.831.455</u></u>	<u><u>4.112.767.986</u></u>	<u><u>4.040.363.738</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings 4k					

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2009	2008	2009	2008
Eigið fé:					
Eiginfjárreikningur	15	2.815.465.126	2.957.407.413	2.700.348.476	2.752.527.219
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding	16	105.891.256	103.287.804	105.891.256	103.287.804
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir	18	579.565.203	755.644.071	984.395.890	974.039.917
Leiguskuldir	17	118.716.189	0	118.716.189	0
		<u>698.281.392</u>	<u>755.644.071</u>	<u>1.103.112.079</u>	<u>974.039.917</u>
Skammtímaskuldir:					
Næsta árs afborganir					
langtímaskulda	18	69.029.643	76.350.116	90.481.733	84.188.221
Næsta árs afborganir					
leiguskulda	17	8.863.441	0	8.863.441	0
Aðrar skammtímaskuldir		100.978.447	125.142.051	104.071.001	126.320.576
		<u>178.871.531</u>	<u>201.492.167</u>	<u>203.416.175</u>	<u>210.508.797</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>983.044.179</u>	<u>1.060.424.042</u>	<u>1.412.419.510</u>	<u>1.287.836.518</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.798.509.305</u>	<u>4.017.831.455</u>	<u>4.112.767.986</u>	<u>4.040.363.737</u>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings					
	21				

Sjóðstreymisýfirlit árið 2009

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða samkvæmt					
rekstrarreikningi	15	39.870.637	56.625.500	10.094.173	34.349.500
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	10	38.235.552	36.855.000	53.038.833	49.507.000
Verðbætur		53.875.527	52.330.000	89.139.239	84.676.000
Tap af sölu rekstrarfjármuna		74.040	0	74.040	
Niðurfærsla stofnfjárbréfa	8	6.380.571	0	6.380.571	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	16	5.590.563	8.582.000	5.590.563	8.582.000
Veltufé frá rekstri		144.026.890	154.392.500	164.317.419	177.114.500
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Óinnheimtar skatttekjur, (hækkun)		(6.986.999)	0	(6.986.999)	0
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)		(2.803.271)	0	(2.803.269)	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(24.163.604)	24.057.000	(22.249.575)	24.057.000
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	16	(2.987.111)	(2.500.000)	(2.987.111)	(2.500.000)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(36.940.985)	21.557.000	(35.026.954)	21.557.000
Handbært fé frá rekstri		107.085.905	175.949.500	129.290.465	198.671.500
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(586.357.717)	(573.900.000)	(624.269.750)	(610.900.000)
Innlausn búseturéttar		0	0	(4.391.183)	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		15.000	0	15.000	0
Eignarhlutir í félögum, breyting		(100.000)	(2.100.000)	(100.000)	(2.100.000)
Langtímakröfur, breyting	12	3.707.511	3.666.000	3.707.511	3.666.000
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	13	181.967.528	174.211.000	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(400.767.678)	(398.123.000)	(625.038.422)	(609.334.000)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		(37.842.582)	(8.762.000)	0	0
Lán flutt á milli sjóða		(170.501.483)	(188.673.000)	0	0
Afborganir langtímalána	18	(81.335.163)	(95.198.000)	(87.613.044)	(104.144.000)
Skammtímalán, breyting		0	37.503.500	0	37.503.500
Fjármögnunarhreyfingar		(289.679.228)	(255.129.500)	(87.613.044)	(66.640.500)
Lækkun á handbæru fé		(583.361.001)	(477.303.000)	(583.361.001)	(477.303.000)
Handbært fé í ársbyrjun		2.408.403.441	2.408.403.000	2.408.403.441	2.408.403.000
Handbært fé í árslok		1.825.042.440	1.931.100.000	1.825.042.440	1.931.100.000

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Garður er sveitarfélag á Reykjanesi og voru íbúar 1.520 þann 1. desember 2009. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Sunnubraut 4.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáslu og starfsemi sveitarfélag í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sveitarfélagsins Garðs árið 2009 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð, Þjónustustöð og Framtíðarsjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Íbúðir aldraðra, Fráveita og Hafnarsjóður.

Framtíðarsjóður Sveitarfélagsins Garðs var stofnaður í ársbyrjun 2008. Tilgangur hans er varsla og ávöxtun fjármuna af sölu eignarhluta sveitarfélagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf. til lengri tíma litið. Markmiðið er að ávöxtun fjármuna sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir í rekstur og framkvæmdir sveitarfélagsins til þess að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu sem fram kemur í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

a. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en til þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamnings meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 31. desember 2009 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitinu eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eignfjárreikning 31. desember 2009 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 37,1 millj. kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

b. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum.

Skýringar, frh.:

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, frh.

b. Færsla á lóðum og lendum, frh.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við 31. desember 2009 og eru lóðir og lendur sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 56,9 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í árslok 2009 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Skýringar, frh.:

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	10 - 40 ár
Hafnarmannvirki.....	25 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Keyptur búseturéttur í leigðum eignum sem fæst endurgreiddur þegar búseturéttur fellur niður er skilgreindur sem hrakvirði hinnar leigðu eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 ár
-----------------	-------

g. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kosntaðar vegna viðeigandi málaflokks.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfærðilegrar úttektar í árslok 2009. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

Skýringar, frh.:

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

m. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamnings er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 21.

p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar.....	412.830.657	343.259.000	412.830.657	343.259.000
Fasteignaskattur.....	46.939.881	43.630.000	45.101.489	42.122.000
Lóðarleiga.....	2.270.475	2.000.000	2.270.475	2.000.000
	<u>462.041.013</u>	<u>388.889.000</u>	<u>460.202.621</u>	<u>387.381.000</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Tekjujöfnunarframlag.....	72.670.719	60.108.000	72.670.719	60.108.000
Framlag vegna fasteignaskatts.....	16.640.669	17.000.000	16.640.669	17.000.000
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	52.163.448	53.000.000	52.163.448	53.000.000
Framlög vegna grunnskóla.....	62.305.522	57.000.000	62.305.522	57.000.000
Önnur framlög.....	11.700.000	10.620.000	11.700.000	10.620.000
	<u>215.480.358</u>	<u>197.728.000</u>	<u>215.480.358</u>	<u>197.728.000</u>
Skatttekjur samtals	<u>677.521.371</u>	<u>586.617.000</u>	<u>675.682.979</u>	<u>585.109.000</u>
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur.....	23.027.254	23.327.000	39.232.967	35.635.000
Eignatekjur.....	10.827.649	10.000.000	25.632.427	22.176.000
Vörur og þjónusta til eigin nota.....	1.102.048	0	0	0
Endurgreiðslur og tilfærslur.....	5.111.698	4.632.000	5.059.698	4.632.000
Aðrar tekjur.....	8.657.257	5.050.000	8.657.257	7.950.000
	<u>48.725.906</u>	<u>43.009.000</u>	<u>78.582.349</u>	<u>70.393.000</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>726.247.277</u>	<u>629.626.000</u>	<u>754.265.328</u>	<u>655.502.000</u>

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Laun.....	291.355.791	288.942.000	291.355.791	288.942.000
Launatengd gjöld.....	62.292.376	53.791.500	62.292.376	53.791.500
Annar starfsmannatengdur kostnaður..	2.230.359	2.231.000	2.230.359	2.231.000
	<u>355.878.526</u>	<u>344.964.500</u>	<u>355.878.526</u>	<u>344.964.500</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	5.590.563	9.370.000	5.590.563	9.370.000
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>361.469.089</u>	<u>354.334.500</u>	<u>361.469.089</u>	<u>354.334.500</u>

Í árslok 2009 störfuðu 93 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 57,9 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 16,1 millj. kr. á árinu 2009.

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vöru- og þjónustukaup.....	321.649.489	202.724.000	346.452.326	218.901.000
Skattar og önnur opinber gjöld	59.648	70.000	59.648	70.000
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	149.372.303	188.550.000	116.972.303	159.050.000
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>471.081.440</u>	<u>391.344.000</u>	<u>463.484.277</u>	<u>378.021.000</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur.....	278.310.339	309.991.000	278.310.339	309.991.000
Arður af eignarhlutum.....	2.025.000	12.883.000	2.025.000	12.883.000
Niðurfærsla stofnfjárbréfa..... (6.380.571)		0	(6.380.571)	0
Vaxtagjöld og verðbætur..... (112.191.140)	(112.191.140)	(135.948.000)	(140.133.724)	(161.849.000)
Vextir af eigin fyrirtækjum.....	22.645.813	22.982.000	0	0
Samtals.....	<u>184.409.441</u>	<u>209.908.000</u>	<u>133.821.044</u>	<u>161.025.000</u>

Í ársreikningnum er stofnfé sveitarfélagsins í Sparisjóðnum í Keflavík fært niður að fullu vegna óvissu um verðmæti eignarhlutarins en bókfært verð hans nam um 6,4 millj. kr. í upphafi árs. Þann 23. apríl s.l. yfirtók Fjármálaeftirlitið rekstur sjóðsins og reiknað er með að stofnfé hans verði fært niður að fullu.

Skýringar, frh.:

9. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2009			Áætlun 2009
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Útsvar og fasteignaskattur	0	471.515.360	471.515.360	397.879.000
Framlög úr Jöfnunarsjóði	0	215.480.358	215.480.358	197.728.000
Félagsþjónusta	67.119.394	6.516.593	(60.602.801)	(53.466.000)
Heilbrigðismál	60.000	0	(60.000)	0
Fræðslu- og uppeldismál	403.822.038	3.321.577	(400.500.461)	(352.014.000)
Menningarmál	46.224.643	5.044.832	(41.179.811)	(28.953.500)
Æskulýðs- og íþróttamál	128.922.412	24.054.037	(104.868.375)	(100.071.000)
Brunamál og almannavarnir	15.826.439	0	(15.826.439)	(15.162.000)
Hreinlætismál	20.155.416	14.590.039	(5.565.377)	(9.073.000)
Skipulags- og byggingarmál	23.117.386	77.891	(23.039.495)	(19.363.000)
Umferðar- og samgöngumál	49.669.643	185.000	(49.484.643)	(46.518.000)
Umhverfismál	19.685.152	49.531	(19.635.621)	(16.859.000)
Atvinnumál	4.815.280	0	(4.815.280)	(4.211.000)
Framlög til B hluta fyrirtækja	32.400.000	0	(32.400.000)	(32.400.000)
Sameiginlegur kostnaður	84.892.883	7.689.112	(77.203.771)	(60.895.000)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	5.590.563		(5.590.563)	(9.370.000)
Framlag frá Framtíðarsjóði	0	152.760.768	152.760.768	173.106.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	110.250.252	95.500.711	(14.749.541)	1.640.000
Aðalsjóður samtals	1.012.551.501	996.785.809	(15.765.692)	21.997.500
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður	157.073.161	321.875.044	164.801.883	54.477.000
Þjónustustöð	24.199.060	5.033.506	(19.165.554)	(19.849.000)
Framtíðarsjóður	364.593.187	274.593.187	(90.000.000)	0
